

Fundargerð

Hópur: Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla – fjórði fundur.

Starfsmaður: Ásgeir Björgvinsson skóla – og frístundasviði sem ritaði fundargerð.

Fundardagur: 28. september 2011

Tími: 14:00-16:35

Fundarstaður: Víkurskóli

Verkefni og markmið fundar:

- Framhald á verkefnagreiningu

Þetta gerðist:

1. Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi á skóla – og frístundasviði stjórnaði framhaldi á verkefnagreiningu frá seinasta fundi. Á fundinum fór fram áhættugreining þar sem fundarmenn ræddu hvað gæti mögulega farið úrskaiðis í verkefninu. Hver áhættuþáttur var metinn út frá alvarleika og líkum og síðan rætt til hvaða ráðstafana væri hægt að grípa til að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á að viðkomandi áhættuþáttur kæmi upp. Þá fór fram umræða um hvaða þætti starfshópurinn vildi hafa að leiðarljósi svo samstarfið yrði árangursríkt.

Hópurinn vann saman og voru hugmyndir fulltrúanna skráðar niður jafnóðum. Með hjálp tölvu og myndvarpa gátu fulltrúarnir fylgst með skráningu uppi á vegg.

Niðurstöður þessarar vinnu munu birtast í verk- og tímaáætlun fyrir sameiningarverkefnið. Sú áætlun verður gerð aðgengileg á vefsvæði hópsins.

Eftirtaldar ákvarðanir voru teknar:

- Ákveðið að næsti fundur verði miðvikudaginn 19. október í Korpuskóla. Tímasetning var ekki ákveðin en mælt til þess að fulltrúar skóla – og frístundasviðs myndu finna tíma (*síðar var sent fundarboð á hópinn þar sem tímasetningin var kl. 8.30*).

Fundi slitið kl. 16:35

Viðstaddir:

Frá Korpuskóla

Björg Ársælsdóttir fulltrúi starfsfólks
Laufey Einarsdóttir fulltrúi starfsfólks
Olga B. Gísladóttir fulltrúi foreldra

Frá Víkurskóla

Árný Inga Pálsdóttir skólustjóri
Brynja Sigurðardóttir fulltrúi starfsfólks
Þorkell Logi Steinsson fulltrúi starfsfólks
Rósa Hjartardóttir fulltrúi foreldra

Frá Frístundamiðstöðinni Gufunesbær
Þóra Melsted deildarstjóri Barnasviðs

Frá Skóla – og frístundasviði

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps
Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi
Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi